



UMHVERFISMÁL Á LANDSPÍTALA GRÆNT BÓKHOLD 2014 - ÁGRIP


Í október 2012 samþykkti framkvæmdastjórn nýja umhverfisstefnu Landspítala og starfsáætlun umhverfismála 2012-2013. Með grænu bókhaldi Landspítala er fylgst með uppfyllingu markmiða í starfsáætluninni og umhverfislegum ávinningi ýmissa umbótaverkefna sem unnið er að í starfseminni. Nánar má lesa um umhverfismál á Landspítala á slóðinni: <http://www.landspitali.is/umhverfismal>

Grænt bókhald á Landspítala er efnisbókhald með tölulegum upplýsingum um hvernig umhverfismálum er háttað í starfseminni. Það gefur meðal annars yfirsýn yfir magn og kostnað vegna innkaupa á ýmsum rekstrarvörum og þjónustu og vísar þannig á tækifæri til að draga úr bæði umhverfisáhrifum og kostnaði. Jafnframt eru í græna bókhaldinu reiknaðar út ýmsar lykiltölur sem eru samanburðarhæfar og setja umhverfismálin í skýrara samhengi, svo sem endurvinnsluhlutfall, orkunotkun, pappírnotkun og kolefnisspor.

Hér má sjá ýmsar tölur úr græna bókhaldinu sem varpa ljósi á þau fjölbættu umhverfisáhrif sem starfsemi Landspítala hefur í för með sér. Þar sést einnig nokkur árangur af ýmsum umbótaverkefnum sem unnið hefur verið að.




Fjöldi starfsmanna á samgöngustyrk 2014




Kolefnisspor Landspítala - tonn CO2 (CO2 ígildi)

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsmanna. Í þessum útreikningum hefur verið reiknað með helstu þáttum sem valda þessari losun.



Blái flokkurinn - pappír og pappi til endurvinnslu



NOKKRAR LÝSANDI GRÆNAR LYKILTÖLUR FYRIR ÁRIÐ 2014:

- **Úrgangur** frá Landspítala árið 2014 var **3,4 tonn** á degi hverjum og þar af fóru 830 kg til endurvinnslu. Úrgangur til endurvinnslu jókst mjög, fór úr 15% árið 2012 í 25% árið 2014.
- Á árinu 2014 jókst **endurvinnsla á pappír** um 244% miðað við árið 2013 eða úr 31 tonni í 108. Sé borið saman við árið 2012 er aukningin rúmlega áttföld.
- **Plastpokanotkun** í daglegum rekstri Landspítala er mikil, daglega eru notaðir um 5.300 pokar, kostnaður við þá notkun er daglega um 57.000 kr eða tæplega 21 milljón á ári.
- **Rafmagnsnotkun** Landspítala árið 2014 var á við rafmagnsnotkun **4.262 heimila** (voru 4.035 árið 2013).
- **Heitt vatn** notað á Landspítala árið 2014 gæti fyllt 295 Laugardalslaugar (voru 315 laugar árið 2013).
- **Losun koltvísýrings (CO2)** vegna starfsemi Landspítala árið 2014 var **4.024** tonn sem er á við meðallosun **1.193** fólksbíla á ári (var á við 1.277 bílar árið 2013).
- Árið 2014 voru sett **umhverfisskilyrði** í 5 útboðum og gerðar 28 vistvænar verðfyrirspurnir á vegum Landspítala.
- 93% af aðkeyptri **ræstingarþjónustu** fyrir reglulegar ræstingar á Landspítala árið 2014 er umhverfissvottuð.
- **Bætt aðstaða hjólandi.** Árið 2014 var komið 124 nýjum hjólastæðum, 3 læstum reiðhjólageymslum innanhúss, 3 þurrskápum fyrir fót og 4 öryggismyndavélum.
- Góð þátttaka starfsmanna var í **samgöngusamningnum**. Yfir sumartímamann voru 28% starfsmanna með samning en færri yfir vetrartímamann. Starfsmenn sem tóku þátt töldu samninginn hafa haft góð áhrif á heilsu og líðan (82%), 52% breyttu um ferðamáta.
- Landspítali fékk á árinu 2014 **Samgönguverðlaun Reykjavíkurborgar** og **Hjólaskálina**, viðurkenningu vegna hvatningar til hjólreiða starfsfólks, m.a. með uppbyggingu á aðstöðu og samgöngustyrkjum.